

Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Hvalfjarðarsveit

Reglur þessar byggja á 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þá taka reglurnar mið af leiðbeinandi reglum félags- og húsnæðismálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

1. gr.

Markmið og markhópur

Markmið akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Hvalfjarðarsveit er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur kleift að sækja vinnu, nám, heilbrigðisþjónustu, hæfingu, félagsstarf og tómstundir. Þjónustan skal taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu.

2. gr.

Réttur til akstursþjónustu

Rétt til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum eiga þeir sem falla undir skilgreiningu 2. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Umsækjendur þurfa einnig að uppfylla eftirfarandi skilyrði til þess að fá þjónustu skv. reglum þessum:

- Umsækjandi eigi lögheimili í Hvalfjarðarsveit.
- Umsækjandi hafi ekki aðgang að eigin farartæki eða geta ekki aðstæðna vegna komist ferða sinna.
- Umsækjandi hafi ekki fengið styrk frá Tryggingastofnun ríkisins til bifreiðakaupa né njóta styrks til reksturs bifreiðar.
- Umsækjandi sé ófær um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi fötlunar.

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu hefur heimild til að veita undanþágu frá 2. gr. reglna þessara vegna sérstakra aðstæðna.

3. gr.

Akstursþjónusta fyrir fötluð börn

Forsjáraðilar fatlaðra barna geta sótt um aksturþjónustu samkvæmt reglum þessum vegna tómstunda, heilbrigðisþjónustu eða annarra félagslegra þátttöku.

Börn yngra en sex ára skal ávallt vera í fylgd með fullorðnum einstaklingi þegar ferðast er með aksturþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð forsjáraðila að útvega hann.

Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla, sbr. 22. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Skilyrði fyrir þjónustu samkvæmt þessari grein eru:

- Að barnið eigi lögheimili eða skráð aðsetur í sveitarfélaginu.
- Að barnið geti ekki komist ferða sinna með sambærilegum hætti og ófatlaðir íbúar sveitarfélagsins.

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu hefur heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum vegna sérstakra aðstæðna. Slíkar undanþágur eru teknar fyrir á meðferðarfundum Velferðar- og fræðsludeildar.

4. gr.

Mat og framkvæmd aksturþjónustunnar

Sótt er um aksturþjónustu rafrænt í gegnum þjónustugátt hjá Hvalfjarðarsveit á tilteknum eyðublöðum. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að sækja um þjónustu fyrir sína hönd.

Umsóknir eru teknar fyrir af matsteymi Velferðar- og fræðsludeildar og metnar með hliðsjón af þörfum og aðstæðum umsækjanda. Hafst skal samvinnu og samráð við umsækjanda við mat á þjónustu.

Matsteymi er heimilt að kalla eftir nauðsynlegum gögnum til að leggja mat á umsókn, s.s. læknisvottorði, greiningu á fötlun og upplýsingum um styrk frá Tryggingastofnun ríkisins til bifreiðakaupa eða reksturs bifreiðar.



Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður Velferðar- og fræðsludeildar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Leitast skal við að sýna sveigjanleika og tryggja fjölbreytt þjónustuframboð, m.a. með samningum við leigubíla eða einkaaðila.

Notanda ber að tilkynna Velferðar- og fræðsludeild um allar breytingar sem hafa áhrif á þjónustuna.

5. gr. Gjaldtaka

Gjald fyrir akstursþjónustu er ákveðið af sveitarstjórn og birt á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

6. gr. Málskotsréttur

Ákvörðun um akstursþjónustu er tekin fyrir á meðferðarfundum Velferðar- og fræðsludeildar. Umsækjandi getur krafist rökstuddra, skriflegra svara ef umsókn er synjað. Ákvörðun um synjun má áfrýja til Velferðar- og fræðslunefndar innan fjögurra vikna.

Ákvörðunum nefndarinnar er unnt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun.

7. gr. Gildistími

Reglur þessar taka gildi frá og með 9. október 2025.

Reglur þessar voru samþykktar á 429. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 08.10.2025.

Reglur þessar voru samþykktar í Velferðar- og fræðslunefnd, 02.10.2025.